

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>0-0</i>	K/S <i>2.11.17</i>
Ábm.	Svfr.
Afgr. <i>Fjórholt</i>	( )Bréf ( )St.
Lvm.	Trm.

## Fundargerð 853. fundar

### stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2017, föstudaginn 27. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Halldór Halldórsson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Skúli Helgason, Gunnar Axel Axelsson, Ólafur Guðmundur Adolfsson í fjarveru Jónínu Ernu Arnardóttur, Gunnar Einarsson, Sigurður Björn Blöndal, Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnar Frank Kristjánsson í fjarveru Höllu Sigríðar Steinólfssdóttur og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri, og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Gunnhildur Ingvarsdóttir boðaði forföll en varamaður hennar hafði ekki tök á að mæta í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

#### 1. Fundargerð 852. fundar - 1610002SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 852. fundar frá 1. september 2017.

Fundargerðin var staðfest og undirrituð.

#### 2. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga - 1610002SA

Lagðir fram minnispunktar frá samráðsfundi stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga frá 6. október 2017.

#### 3. Fundir Jónsmessunefndar - 1701050SA

Lagðar fram fundargerðir samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 7. september og 16. október 2017. Einnig lagður fram samningur um mat á fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga, dags. 17. október 2017, vegna 3. liðar fundargerðar Jónsmessunefndar frá 16. október 2017.

#### 4. Tengiliðahópur um opinber innkaup sveitarfélaga - 1708009SA


Lagt fram minnisblað Telmu Halldórsdóttur, lögfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 10. október 2017, frá fundi tengiliðahóps um opinber innkaup.

Gunnar Einarsson og Ragnar Frank Kristjánsson mættu til fundar kl. 12.30.

#### 5. Dagatal stjórnar 2018 - 1710022SA

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2018 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.

Fram kom vilji af hálfu stjórnarmanna til þess að kanna möguleika á að stjórnin fari í



kynnisferð á fyrri hluta næsta árs. Málið verður skoðað í tengslum við vinnslu fjárhagsáætlunar.

#### 6. Tímaritið sveitarstjórnarmál - 1511005SA

Lagt fram minnisblað samskiptastjóra og sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 20. október 2017, um framtíð sveitarstjórnarmála.

Stjórnin tekur undir þá tillögu sem fram kemur í minnisblaðinu, að sambandið annist sjálf útgáfu Sveitarstjórnarmála í stað þess að útvista verkefninu. Rætt var um framtíðarsýn á útgáfumál sambandsins, m.a. um að leggja beri aukna áherslu á útgáfu rafræns fréttabréfs og að við upplýsingamiðlun af sambandsins hálfu þurfi að leggja meiri áherslu á að deila fróðleik um hvað er að gerast hjá sveitarfélögum.

Yfirlýsing um feril fyrir frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar

#### 7. stuðningsþarfir og frumvarp til laga um breytingu á félagsþjónustu sveitarfélaga - 1705003SA

Lögð fram yfirlýsing, dags. 26. september 2017, um feril fyrir frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir og frumvarp til laga um breytingu á félagsþjónustu sveitarfélaga. Samþykkt var svohljóðandi bókun:

Stjórnin kallar eftir því að frumvörp til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og þjónustu við fatlað fólk hljóti afgreiðlu sem allra fyrst eftir að Alþingi kemur saman að afloknum kosningum, með þeim lagfæringum sem kallað er eftir í yfirlýsingu formanna stjórnmálflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi. Stjórnin leggur sérstaka áherslu á að kostnaðarhlutdeild ríkisins vegna NPA-samninga verði hækkuð í 30%, að fjármagn komi frá heilbrigðisþjónustu inn í NPA-samninga fyrir langveika og að lögfest verði ákvæði um vöktunarnefnd til að meta fjárhagsleg áhrif lagasetningarinnar. Einnig þarf að leysa úr ágreiningi um akstursþjónustu fyrir aldraða og fjármögnum hennar.

Jafnframt er kallað eftir því að tryggt verði að fjármagni verði veitt á fjárlögum til þess að standa undir auknum fjölda NPA-samninga og nýjum og auknum skyldum sveitarfélaga sem leiðir af lagasetningunni.

#### 8. Staða kjaramála - 1701081SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. október 2017, um stöðu kjaramála í október 2017. Einnig lögð fram drög að samantekt samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara um niðurstöður í lokaskýrslum sveitarfélaga og umbótaáætlunum grunnskóla vegna úrvinnslu bókunar 1 með kjarasamningi þessar aðila.

Stjórnin fagnar samantektinni, sem endurspeglar að sveitarfélögini hafa unnið af miklum metnaði að útfærslu á grundvelli bókunar 1. Áhersla er lögð á að sveitarfélög og skólastjórnendur vinni frekar með niðurstöðurnar og geri nauðsynlegar úrbætur á stjórnun og skipulagi vinnu þar sem við á.

#### 9. Tilnefning í starfshóp um sjálfsvígsforvarnir - 1709011SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Embættis landlæknis, dags. 11. september 2017, þar sem Sigrún Þórarinsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði-

og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um sjálfsvígsforvarnir.

**10. Tilnefning í starfshóp um eftirfylgni með framkvæmd stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks - 1709025SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 29. september 2017, þar sem Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í starfshóp um eftirfylgni með framkvæmd stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021, og Sigrún Þórarinsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

**11. Tilnefning í starfshóp um leiðbeinandi reglur vegna framkvæmdar fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga til framfærslu - 1709027SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til velferðarráðuneytisins, dags. 29. september 2017, þar sem Sigrún Þórarinsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í starfshóp um leiðbeinandi reglur vegna framkvæmdar fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga til framfærslu.

**12. Umsögn um drög að reglugerð um fráveitur og skólp - 1611011SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfisráðuneytisins, dags. 1. september 2017, um drög að reglugerð um fráveitur og skólp.

**13. Umsögn um tillögur um breytingar á mannvirkjalögum - 1708003SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 8. september 2017, um tillögur um breytingar á mannvirkjalögum.

**14. Umsögn um frumvarp til laga um Matvælastofnun og breytingar á matvælalögum - 1707013SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 12. september 2017, um frumvarp um Matvælastofnun og breytingar á matvælalögum.

**15. Breytingar á reglugerð um styrki vegna hjálpartækja - 1701083SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðherra, dags. 12. september 2017, um breytingar á reglugerð um styrki vegna hjálpartækja.

**16. Umsögn um skýrslu um stöðu fráveitumála 2014 - 1704018SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Umhverfisstofnunar, dags. 9. október 2017, um athugasemdir við skýrslu um stöðu fráveitumála 2014.

**17. Fundur um alþjóðamál á Akureyri - 1608017SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins og forstöðumanns Brusselskrifstofu sambandsins, dags. 7. september 2017, um fund í samstarfsneti norrænu og balnesku sveitarfélagasambandanna um alþjóðamál, á Akureyri 25. ágúst 2017.

**18. Verkefnið öryggishandbók og öryggisráðstafanir grunnskólanna við notkun á rafrænum upplýsingum - 1610014SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 30. ágúst 2017, um beiðni um styrk vegna verkefnisins öryggishandbók og öryggisráðstafanir grunnskólanna við notkun á rafrænum upplýsingakerfum, ásamt afgreiðslu ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 14. september 2017, á umsókninni.

**19. Sérstakur húsnaðisstuðningur sveitarfélaga - 1605177SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Öryrkjabandalags Íslands, dags. 18. október 2017, um sérstakan húsnaðisstuðning sveitarfélaga.

**20. Rekstur tjaldsvæða á Íslandi - 1709036SA**

Lagt fram til kynningar bréf Samkeppniseftirlitsins, dags. 29. september 2017, um rekstur tjaldsvæða á Íslandi.

**21. Haustþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins - 1601081SA**

Lagt fram til kynningar minnisblað þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 23. október 2017, um haustþing Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins sem haldið var 18. - 20. október 2017.

Fundi lauk kl. 14.15

---

Halldór Halldórsson

---

Eiríkur Björn Björgvinsson

---

Skúli Helgason

---

Gunnar Axel Axelsson

---

Ólafur Guðmundur Adolfsson

---

Ragnar Frank Kristjánsson

Gunnar Einarsson

Sigurður Björn Blöndal

Aldís Hafsteinsdóttir

Ísólfur Gylfi Pálason

framkvæmdastjóri

ritari